

BÍÓ ★ PARADÍS

22.9.2024

Jafnréttisstefna Heimilis kvikmyndanna ses.

Heimili kvikmyndanna, rekstraraðili Bíó Paradís rekur virka jafnréttisstefnu.

Umburðarlyndi, virðing og jafnrétti

Starfsmönnum er gefið að sýna samverkafólki, gestum bíóhússins og samstarfsaðilum virðingu og umburðarlyndi án tillits til kynferðis, skoðana, aldurs eða efnahags, trúarbragða, litarháttar og þjóðernis, kynhneigðar eða stöðu þeirra að öðru leyti. Jafnrétti kynjanna er haft að leiðarljósi í öllum störfum innan Heimilis kvikmyndanna ses. og Bíó Paradísar. Kynjum er ekki mismunað við ákvörðun launa, launakjara og réttinda. Jafnréttissjónamiðum er beitt við ráðingu starfsmanna.


Fjölskyldu- og atvinnulíf

Starfsmönnum skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar gagnvart fjölskyldu sinni með sveigjanlegum vinnutímu og annarri vinnuhagræðingu. Fæðingarorlof er veitt samkvæmt lögum til beggja kynja, sem og ef starfsmenn forfallast vegna veikinda barna sinna.

Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður starfsmanna tekur við öllum athugasemdum er varða réttindi starfsfólks sem og önnur mál er starfsmönnum liggur á hjarta.

Kjörnir trúnaðarmenn starfsfólks Bíó Paradísar 2024 – 2025 eru Jansoch Bela Kratz og Laureen Ósk Jibrayel.



Hrönn Sveinsdóttir

Framkvæmdastjóri Heimilis kvikmyndanna – Bíó Paradís ses.